



Fundargerð

316. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 16. nóvember 2010, kl. 20:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. **Fundargerð 315. fundar hreppsnefndar 11. nóvember 2010.**
Fundargerð samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. **1011003 - Kjör til stjórnlagapings 27. nóvember 2010.**
Kjörskrá til samþykktar.
Farið yfir kjörskrá, engar athugasemdir gerðar. Kjörskrá samþykkt.
2. **1011024 - Útsvarsprósenta fyrir árið 2011.**
Útsvarsprósenta í Reykhólahreppi árið 2011, 13,28% samþykkt samhljóða
3. **1011025 - Prókúra og uppáskriftarheimild fyrir sveitarstjóra.**
Samþykkt að veita sveitarstjóra prókúru/ úttektarheimild á reikninga sveitarfélagsins og uppáskriftarheimild.
4. **1011026 - Stuðningur við Snorraverkefnið sumarið 2011.**
Erindi frá verkefnisstjóra Snorraverkefnis dagsett 8. nóvember 2010.
Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. **1011027 – Frumvarp til laga um heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna refa- og minkaveiða.**
Erindi frá Einari K. Guðfinnssyni alþingismanni dagsett 10. nóvember 2010.
Hreppsnefnd Reykhólahrepps fagnar frumvarpinu. Reykhólahreppur er víðfeðmt og fámennst sveitarfélag og munar um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs sem útlit er fyrir að falli því miður niður á næsta ári.

6. 1011028 – Breytingar á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 9. nóvember 2010.

Erindið lagt fram.

7. 1011029 – Framhald verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 8. nóvember 2010.

Lagt til að halda áfram í verkefninu, samþykkt samhljóða.

8. 1011030 – Bókanir frá 37. þingi Hafnarsambands Íslands 23. og 24. september s.l.

- a) Bókun um hlutverk og tækifæri hafna.
- b) Bókun um umhverfisstarf hafna.

Bókanir lagðar fram.

9. 1011031 - Fjárhagsáætlun 2011 verklag.

Sveitarstjóri fór yfir málin varðandi gerð fjárhagsáætlunar.

Önnur mál : Löglega upp borin.

10. 1011032 – Launamál hreppsnefndarmanna.

Frestað af 314. fundi.

Tillaga um greiðslu til sveitarstjórnarmanna fyrir störf á skrifstofu þann tíma sem ekki var starfandi skrifstofu- og sveitarstjóri.. Tillaga frá Eggerti Ólafssyni um að launakjör verði í samræmi við laun skrifstofustjóra. Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Kjör varamanns í sameiginlega félagsmálanefnd

Tillaga um Gústaf Jökul Ólafsson, samþykkt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22:00
